Nd. **9. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga** [9. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Flm.: Kristín S. Kvaran.

1. gr.

51. gr. orðist svo:

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi en eiga þar ekki atkvæðisrétt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bandalag jafnaðarmanna hefur lagt á það áherslu að nauðsynlegt sé að styrkja löggjafarstarfsemi þingsins og auka sjálfstæði þess.

Hlutverk löggjafans á að vera að setja leikreglur og hafa með því strangt eftirlit að þeim sé framfylgt.

Sú breyting, sem hér er lögð til, mundi að mati flm. styrkja löggjafarstarfsemi þingsins. Það gengur auðvitað ekki að það sé hlutverk eins og sama mannsins annars vegar að setja lög og hins vegar að hrinda þeim í framkvæmd, — auk þess sem það getur ekki talist eðlilegt að ætla nokkrum að hafa eftirlit með sjálfum sér.

Það er á hinn bóginn mjög æskilegt að æðstu menn framkvæmdarvaldsins eigi sæti á Alþingi og öðlist þannig af eigin reynslu innsýn í tilurð almennra leikreglna. Á sama hátt er það afar óæskilegt og óeðlilegt að þeir hafi þar nokkur áhrif með atkvæði sínu.

Árið 1971 varð breyting á launakjörum alþingismanna sem fól í sér viðurkenningu á því að þingmennska er mikið starf að umfangi og ábyrgð og að hún er fullt starf.

Til þess að styrkja virðingu Alþingis, sem þótt hefur í mörgu fara þverrandi undangengin ár, er nauðsynlegt að mati flm. að binda störf þingmanna við þingmennsku eingöngu þannig að hún teljist fullt starf og að ráðherradómur teljist að sama skapi einnig vera fullt starf.

Það segir sig sjálft að ráðherrar geta á engan hátt gegnt þingmennsku þannig að fullnægjandi sé. Ráðherrar taka t.d. ekki þátt í nefndastörfum þingsins sem er þó afar mikilvægur og tímafrekur þáttur í starfi þingmanna. Benda má á að verði frv. þetta samþykkt og ráðherradómur viðurkenndur sem fullt starf mætti fækka aðstoðarmönnum ráðherra sem sífellt fjölgar með hverri nýrri ríkisstjórn.

Í þessu sambandi má minna á þá skipan mála sem viðhöfð er í norska þinginu. Þar tekur varaþingmaður sæti um leið og þingmaður gerist ráðherra og situr svo lengi sem ráðherradómur hans varir. Um þetta atriði eru skýr ákvæði í 12. gr. norsku stjórnarskrárinnar, en þar segir m.a. að sérhver norskur ríkisborgari geti tekið við ráðherraembætti, þó því aðeins að hann sé ekki jafnframt þingmaður.

Það er skoðun flm. að með þessu frv. séu tekin af öll tvímæli um það hvert sé hlutverk Alþingis og að þessi tilhögun stuðli að virkari og betri starfsháttum þingsins.